

fyrir hæstarétti, 100 kr., greiðist úr rikissjóði, en að málskostnaður í hæstarétti falli að öðru leyti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og öll meðferð málsins í fógetaréttinum á ómerk að vera.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstaréttarmálaflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 kr., greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Mánudaginn 10. nóv. 1930.

Nr. 29/1930.

Steingrímur Kristmundsson

(Guðmundur Ólafsson)

gegn

Margréti Valdimarsdóttur (enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Ísafjarðarsýslu 18. okt. 1928: Kærður, Steingrímur Kristmundsson, telst faðir að barni kæranda, Margrétar Valdimarsdóttur, Höskuldar, fætt 16. marz þ. á., og greiði meðlag með því, svo og barns-fararkostnað og styrk til barnsmóður, fyrir og eftir barnsburð, lögum samkvæmt.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 15. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 29. marz þ. á., en þar eð stefnda hefir ekki mætt eða látið mæta í málinu, þótt henni hafi verið löglega stefnt, hefir málið verið rekið skriflega

og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fyrir lögregluréttinum voru þau áfrýjandi og stefnda sammála um það, að þau hefðu ekki haft samfarir utan laugardaginn 6. ágúst 1927. Ef áfrýjandi væri faðir að barni því, er stefnda ól hinn 16. marz 1928, ætti móðirin þá ekki að hafa gengið með það meir en 223 daga.

Áfrýjandi hefir nú lagt fram í hæstarétti álitsgjörð landlæknis, dags. 17. marz þ. á. Tekur landlæknir fram í þessari skýrslu sinni, að eftir lýsingu ljósmóðurinnar á barninu verði að álykta, að barnið hafi verið því sem næst fullburða, og þar sem meðgöngutími konu á fullburða barni sé stytur 240 dagar, er þó sé afarfágætt, þá sé það ekki hugsanlegt, að barn þetta geti verið komið undir 6. ágúst 1927, heldur hljóti það að hafa komið undir fyrir þann tíma.

Stefnda hefir enn fremur borið það fyrir lögregluréttinum, að hún hafi orðið vör við hreyfingu fóstursins fyrstu dagana í október. Um þetta atriði tekur landlæknir fram, að konur finni ekki fósturhræringar fyrir en þær eru um það bil hálf gengnar með, og úr því að stefnda hafi fundið fósturhræringar í október, þá hljóti barn hennar að hafa komið undir talsvert löngu fyrir en hún segir. Loks segir landlæknir, að börn, sem fæðist fullburða um miðjan marz, séu venjulega getin síðari hluta júnimánaðar árið áður, og tekur að endingu fram, að hann áliti, að barn það, er hér ræðir um, hafi hlotið að koma undir í síðasta lagi um eða skömmu eftir miðjan júlí, en hafi móðirin, eins og hún segir, farið að finna hræringar í október, þá hafi barnið komið undir fyrir mánaðamótin júní—júlí.

Samkvæmt þessari álitsgjörð landlæknis verður að telja það útilokað, að barn það, er hér ræðir um, geti

verið ávöxtur af samförum áfrýjanda og stefndu hinn 6. ágúst 1927, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 kr., en málskostnaður í undirrétti á að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögregluréttardómur er úr gildi felldur og á áfrýjandi, Steingrímur Kristmundsson, að vera sýkn af kærnum og kröfum stefndu, Margrétar Valdimarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í undirrétti fellur niður, en málskostnað í hæstarétti greiði stefnda áfrýjanda með 100 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru þau, að 16. marz þ. á. ól ógift stúlka, Margrét Valdimarsdóttir, til heimilis Silfurgötu 8 hér í bænum, sveinbarn, er í skírninni hlaut nafnið Höskuldur, og lýsti föður að því Steingrím Kristmundsson vinnumann í Arnardal, en hann hefir synjað fyrir faðernið. Barnið andaðist 18. f. m. Hefir Margrét Valdimarsdóttir krafizt, að höfðað væri barnsfaðernismál gegn téðum Steingrími Kristmundssyni og gert þær kröfur, að hann verði talinn faðir barnsins og hann skyldaður með yfirvaldsúrskurði til að greiða meðlag með því, þar til það andaðist, og barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður lögum samkvæmt.

Barn það, er kærandinn ól 16. marz þ. á., var 2 kg. á þyngd og 49 cm. á lengd. Hefir kærandinn gefið þá skýrslu, að kærður hafi átt samræði við hana standandi upp við búrhurðina í Engidal 6. ágúst f. á., en þar áttu þau kærandi og kærður þá heimili. Hafi samræðið verið fullkomið, þar eð hún fann, að kærður felidi sæði til hennar, enda hafi hún þá hætt að hafa tíðir, þangað til hún ól barnið.

Samkvæmt framansögðu hefir meðgöngutími móðurinnar verið 223 dagar. En með hliðsjón af, að það þykir vera upplýst með skýrslu héraðslæknis, að það komi fyrir, að fullburða barn fæðist eftir 238 daga meðgöngutíma, að það samkvæmt skýrslu ljósmóður er eigi útilokað, að barnið hafi fæðzt rúmum 14 dögum fyrir tímann, að ekkert er framkomið um það í málinu, að kærandinn hafi haft samræði við aðra menn, þykir eftir atvikum verða að taka kröfu kæranda til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 14. nóv. 1930.

Nr. 10/1930. **Réttvísinn** (cand. jur. Garðar Þorsteinsson)
gegn

Jónatan Þorsteinssyni (Pétur Magnússon).

Brot gegn 262.—264. gr. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. nóv. 1929: Ákærður, Jónatan Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómnum að fullnægja að viðlagðri aðförr að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, er það sannað, að ákærði hefir eigi haldið allar þær bækur, sem kaupmönnum er skylt að halda, samkvæmt lögum nr. 53, 11. júlí 1911, og að bókhald hans hefir verið svo hirðulauslega fært og í svo megnu ólagi, að ekki hefir verið auðið að sjá, hvernig verzlunarreksturinn hefir gengið. Hinsvegar þykir það ekki sannað, að ákærði hafi af ásettu ráði komið verzlunarbókum sínum undan, ónýtt þær eða fært þær óráðvandlega.

Þá er það sannað, að ákærði hefir á árunum 1926